

## Rýnisferð 2023 Lissabon 22. – 29. september 2023

### Drög að dagskrá

RÝNISFERÐIR fyrir tækni- og verkfræðinga hófust árið 1998 og hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Nú er stefnt á 23. ferðina, að þessu sinni til Lissabon í Portúgal dagana 22. – 29. september. Sambærileg ferð hafði verið skipulögð í maí 2020 en féll niður vegna Covid faraldursins. Ferðin er opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt mökum eða öðrum ferðafélögum.

#### Ferðatilhögun:

Flogið verður í beinu flugi með Play frá Keflavík til Lissabon, föstudaginn 22. september kl. 15:10. Lending kl. 20:45. Flugtími eru tæpar fjórar klukkustundir. Heimferð er föstudaginn 29. september, beint flug með Play kl. 21:45 – lent í Keflavík kl. 01:30. Auk almennra skoðunarferða um Lissabon og nágrenni verður haldið málþing auk þess sem farið verður í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir. Dagskráin er sett saman í samstarfi við Portúgalska verk- og tæknifræðingafélagið, Ordem dos Engenheiros, [Ordem dos Engenheiros \(ordemengenh.pt\)](http://ordemengenh.pt).

#### Borgin Lissabon (Lisboa)

Lissabon er höfuðborg og jafnframt stærsta borg Portúgals. Borgin á sér mikla sögu og menningu og er einstaklega falleg. Hún er mjög hæðött þar sem hún byggðist upprunalega upp á sjö hæðum og smám saman fyllti byggðin út allt svæðið milli hæðanna. Margir telja hana eina af fallegustu borgum Evrópu en borgin er oftast en ekki kölluð San Francisco Evrópu. Gömul og falleg hverfi setja sinn svip á borgina ásamt fallegum og gömlum byggingum og stytum.

#### Gisting:

Gist verður á hótél SANA Metropolitan. Þetta er nútímalegt hótél, í 15 mínútna göngufjarlægð frá Museu Calouste Gulbenkian og 7 km frá São Jorge kastalanum. Um hálf tíma ganga er að Marques de Bombal torginu. Herbergin eru mjög notaleg með Wi-Fi, sjónvarpi, ísskáp, skrifborði og öryggishólfi. Herbergisþjónusta er í boði allan sólarhringinn.

Hlýlegur veitingastaður er á hótelinu, flott kaffihús/bar og líkamsræktarherbergi.



[SANA Metropolitan Hotel | Reserve já o seu quarto em Lisboa \(sanahotels.com\)](http://sanahotels.com)

### **Laugardagur 23. september**

**Skoðunarferð um Lissabon, allur hópurinn, kl. 10:00 – 14:00.**

Byrjað verður að heimsækja hið sögufræga hverfi Belem þar sem m.a. verður komið við í kirkju Jerónimos-klaustursins, sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Stoppað verður við Belem-turninn og minnismerkið um landfundi portúgalskra sæfara, sem vígt var árið 1960. Þá verður ekið meðfram árbakkanum að Svarthrossa-torgi (sem formlega heitir Praciado Comercio) þar sem farið verður í gönguferð um Alfama, eitt elsta og fallegasta hverfi borgarinnar. Þar er frábært útsýni yfir borgina og árfarveg Tagus-fljóts. Ferðin heldur áfram um "Baixa" (miðborgina), um Rossio torg, Frelsisgötuna og stórtorgið Marques de Pombal. Loks verður stoppað við garð Eðvarðs VII. Á heimleið gefst kostur á að kynnst hinu magnaða vatnsveitukerfi Lissabon sem var eitt mesta verkfræðiafrek Evrópu um miðja 18. öld.



### **Sunnudagur 24. september**

**Frjáls dagur fyrir alla.**

Tilvalið að nýta daginn til að skoða betur áhugaverða og fallega staði í borginni og njóta gómsætrar matargerðarlistar Portúgala á einhverjum af mörgum veitingahúsum borgarinnar. Í gamla kastalahverfinu Alfama og Bairro Alto hverfinu heyrir á kvöldin trega blandinn söngur og gítarleikur, en portúgalska Fado-tónlistin á sér enga hliðstæðu. Lissabon er einnig þekkt fyrir fjörukt næturlíf og því ætti engum að leiðast í þessari töfrandi borg.

### **Mánudagur 25. september**

**Skoðunarferð út fyrir Lissabon, allur hópurinn, kl. 9:00 – 17:00.**

Við munum skoða m.a. Sintra, Cascais og Estoril sem eru sögufrægir og fallegir bæir staðsettir skammt norður af Lissabon. Sintra er t.d. á heimsminjaskrá UNESCO. Hádegisverður er innifalinn.

Í lok ferðar er stefnt að vínsmökkun utan borgarinnar.



## **Þriðjudagur 26. september**

**„Fræðingar“ kl.10:00 – 15:00**

Heimsókn og kynning hjá Infraestruturas de Portugal”(Stofnunin sér um alla innviða uppbyggingu vega og lestarsamganga í Portúgal.

Auk almennrar kynningar munum við fá kynningu á [25 de Abril Bridge](#). Um er að ræða heimþekkta 2300 metra brú sem oft er líkt við Golde Gate brúna í San Francisco. Brúin var vígð 1966. Brúin tengir saman Lissabon og Almans sveitafélagið hinum megin flóans. Brúna byggði American Bridge Company.



Eftir hádegi er gert ráð fyrir að skoða framleiðslufyrirtæki.

**Makar kl. 11:00-14:00**

Gönguferð um miðbæ Lissabon með leiðsögumanni. Gengið verður um fallegar götur, farið yfir sögu bygginga, og innlendar verslanir skoðaðar. Hádegisverður innifalinn.

## **Miðvikudagur 27. september**



**Málþing VFÍ og VTP kl. 13-16**

VFÍ og ODE munu standa fyrir málþingi með yfirskriftina Nature-Energy-Climat, þingið verður opið einnig öllum félagsmönnum ODE. Tveir til þrjú félagsmenn VFÍ munu verða með framsögu á þinginu auk félagsmanna ODE.

Um kvöldið verður sameiginlegur kvöldverður alls hópsins, er innifalinn í verði.

## **Fimmtudagur 28. september**

**„Fræðingar“ kl. 10:00 – 15:00**

Heimsókn í Laboratorio Nacional De Engenharia Civil <https://www.lnec.pt/en/> Hér er um að ræða stærstu rannsóknarstofu á sviði framkvæmda í Portúgal. Hlutverk LNEC er að samræma og efla vísindarannsóknir og tækniþróun, sem miða að stöðugum umbótum í byggingarframkvæmdum.

Eftir hádegið verður farið í heimsókn á hluta sýningasvæðisins sem hýsti heimssýninguna árið 1998 í Lissabon. Meðal bygginga sem verða skoðaðar eru [Parque das Nações](#) Lestarstöðin [“Gare do Oriente”](#) og [“Pavilhão de Portugal”](#)



**Föstudagur 29. september**

**Frjáls dagur**

Brottför frá hóteli út á flugvöll um kl. 18:00.

**Kostnaður:**

Kostnaður við ferðina er áætlaður um 290 þús. kr. á mann í tveggja manna herbergi og um 380 - þús. kr. í eins manns herbergi.

Innifalið: Flug, hótulgisting með morgunmat, rúta til og frá flugvelli, sameiginlegur kvöldverður, tveir hádegisverðir, allar skoðunarferðir o.fl.

Nánari dagskrá ferðar verður send út þegar nær dregur.

**Vakin er athygli á því að þeir félagsmenn VFÍ sem eru sjóðsfélagar í starfsmenntunarsjóðum félagsins geta sótt um styrk til ferðarinnar.**

**Skráningar**

Tekið verður við skráningum frá og með þriðjudeginum 17. janúar kl. 9:00 á netfangið: [skrifstofa@verktaekni.is](mailto:skrifstofa@verktaekni.is)

**ATHUGIÐ: Skráningar fyrir þann tíma eru ekki teknar gildar.**

Hámarksfjöldi þátttakenda er 120 manns.

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu: **Nafn – Kennitala – netfang - sími**

26. janúar verður send út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds kr. 50.000 á farþega. Greiða skal gjaldið fyrir 5. febrúar 2023 til VFÍ.

Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að fylla í sæti hjá þeim sem kynnu að

forfallast. **Fararstjórn: Jóhannes Benediktsson, Hreinn Ólafsson, Eva Yngvadóttir.**

